

## REGLUGERÐ

### um starfsheiti og starfsréttindi næringarfræðinga.

#### 1. gr.

Rétt til að kalla sig næringarfræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

#### 2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim sem að lokið hafa M.Sc. prófi í næringarfræði frá Háskóla Íslands eða sambærilegu háskólaprófi í næringarfræðum. Leita skal umsagnar Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

#### 3. gr.

Um umsóknir ríkisborgara í aðildarríkjum EES-samningsins, skal fara samkvæmt reglugerð nr. 244/1994, um starfsleyfi nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins.

#### 4. gr.

Næringarfræðingar starfa að næringarfræði við heilbrigðisstofnanir, kennslu-, rannsókn- og matvælastofnanir og víðar.

#### 5. gr.

Næringarfræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfssvið hans.

#### 6. gr.

Næringarfræðingar er starfa við heilbrigðisstofnanir eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir fá í starfi sínu um sjúkdóma eða önnur mál sem leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af störfum.

#### 7. gr.

Um næringarfræðinga er starfa á heilbrigðisstofnunum gilda að öðru leyti og eftir því sem við geta átt reglur læknalaga nr. 53/1988, með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m.a. um viðurlög við brotum í starfi næringarfræðinga, um sviptingu starfsleyfa þeirra og endurveitingu starfsréttinda.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott reglugerð nr. 46/1987 um starfsheiti og starfsréttindi næringarfræðinga.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Ráðherra er heimilt að veita þeim sem nú þegar hafa hafið nám í næringarfræði sem lýkur með B.Sc. gráðu og uppfylla skilyrði reglugerðar 46/1987 um starfsheiti og starfsréttindi

næringarfræðinga, starfsleyfi sem næringarfræðingar. Þeir sem hefja nám eftir gildistöku reglugerðar þessarar þurfa að ljúka M.Sc. gráðu til að fá starfsleyfi sem næringarfræðingar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. janúar 2007.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Davíð Á. Gunnarsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2007